

**ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 476/1999/EB**

frá 22. febrúar 1999

**um breytingu á ákvörðun nr. 2085/97/EB um að koma á fót stuðningsáætlun á sviði bóka og  
lesturs, þar með taldar þýðingar (Ariane-áætlunin)**

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
128. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í  
189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2085/97/EB <sup>(4)</sup> er  
komið á fót stuðningsáætlun á sviði bóka og lesturs, þar  
með taldar þýðingar (Ariane-áætlunin), fyrir tímabilið  
1. janúar 1997 til 31. desember 1998.

Í þriðju málsgrein 8. gr. þeirrar ákvörðunar er kveðið á um  
að gera skuli hverja þá ráðstöfun sem getur komið í veg  
fyrir að tafir verði á áætluninni.

Hinn 28. maí 1998 lagði framkvæmdastjórnin fyrir Evrópu-  
þingið og ráðið tillögu að ákvörðun um að setja fram einn  
gerning í tengslum við fjármögnun og áætlanir um sam-  
vinnu á sviði menningarmála fyrir tímabilið 1. janúar 2000  
til 31. desember 2004.

Á meðan beðið er eftir því að tillagan verði samþykkt er  
nauðsynlegt að tryggja að aðgerð Evrópubandalagsins á  
sviði menningarmála verði haldið áfram óslitið á þeim  
efnissviðum sem falla undir Ariane-áætlunina.

SAMÞYKKT EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun  
2085/97/EB:

1. í stað „31. desember 1998“ í 1. mgr. komi  
„31. desember 1999“;
2. í stað „7 milljónir ekna“ í 6. gr. komi „11,1 milljónir  
evra“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjört í Brussel 22. febrúar 1999.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. M. GIL-ROBLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

K.-H. FUNKE

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 319, 16. 10. 1998, bls. 13 og Stjtið. EB C 372, 2. 12. 1998,  
bls. 28.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 51, 22. 2. 1999, bls. 92.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 9. október 1998 (Stjtið. EB C 328, 26. 10. 1998,  
bls. 237), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. nóvember 1998 (Stjtið. EB  
C 404, 23. 12. 1998, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá  
17. desember 1998 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).  
Ákvörðun ráðsins frá 8. febrúar 1999.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 291, 24. 10. 1997, bls. 26.